



## Reglur um samskipti trúfélaga og leik-, grunn- og tónskóla Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. Í samskiptum trúfélaga og skóla skal leggja áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu í fjölmenningsarsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.

Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu.

Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskrár, leik-, grunn- og tónlistarskóla.

2. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristinnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar.

Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýst tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik og tónlistarskóla þar sem það á við.

3. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Um almenna kynningu eða auglýsingu á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

Reglur þessar grundvallast á þeim meginviðmiðum sem fram komu í tillögu starfshóps Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem skipaður var hinn 4. október 20012. Starfshópurinn hafði það hlutverk að leggja fram tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Starfshópurinn svar skipaður hagsmunaaðilum sem tilnefndir voru af Biskupsstofu, Heimili og skóla, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskrar sveitarfélaga, Siðmennt auk fulltrúa ráðuneytisins.